



Myndrænir skipuleggjarar

Myndrænir skipuleggjarar tengja tungumál og innihald og mynda oft brú til þekkingar sem nemendurnir búa yfir á móðurmáli sínu.

Myndrænir skipuleggjarar hjálpa annars máls nemendunum að skilja meginhugmyndina í texta og minnka álagið á skammtímaminnið. Þegar meginhugmyndin er sýnd sjónrænt getur nemandinn einbeitt sér að því að þróa sjálft tungumálið.



Myndrænir skipuleggjarar: nemendum er kennt að nota myndræna skipuleggjara.

Allir nemendur geta notað myndræna skipuleggjara til að hrinda af stað hugmyndum, skrá og endurskipuleggja upplýsingar og sjá tengsl. Þessir skipuleggjarar sýna ekki aðeins það sem nemendurnir eru að hugsa heldur hvernig þeir hugsa meðan þeir vinna að námsverkefnum.

- notið myndræna skipuleggjara til að skipuleggja og kynna kennslustundir
- veljið myndræna skipuleggjara sem sýna best hugmyndirnar eða textana sem læra skal um
- sýnið dæmi um nýja skipuleggjara og lýsið tilgangi þeirra og formi í kennslustundinni
- notið auðveldan eða kunnuglegan efnivið til að sýna hvernig nota skuli skipuleggjarana
- setjið skipuleggjarana á töfluna, myndvarpa eða töfluarkir (chart paper) og notið „hugsa-upphátt“ form
- veitið nemendum tækifæri til að æfa sig með því að nota formið með auðveldu efni



- leiðbeinið nemendum á mismunandi stigum í ferlinu
- deilið lokaafurðunum, ræðið hvað virkaði og hvað ekki og gefið nemendum færi á að endurskoða upplýsingar
- gefið nemendum sem flest færi á að æfa sig í að nota myndræna skipuleggjara
- notið myndræna skipuleggjara í fjölda viðfangsefna og málefna
- hvetjið nemendur til að meta hvaða skipuleggjarar virka best við tiltekna aðstæður í náminu.

Fyrir nemendur með annað tungumál veita myndrænir skipuleggjarar sjónrænan hlekk á milli tungumáls og innihalds. Þeir skipuleggja upplýsingar og þróa beinlínis hugmyndir og undirliggjandi tengsl á milli þessara hugmynda. Notkun myndræns skipuleggjara minnkar textann sem nemendur annars tungumálsþurfa að glíma við um leið og meginhugmynd kennslustundarinnar er haldið við.

Myndrænir skipuleggjarar hjálpa annars tungumáls nemendum að skilja meginhugmyndina og minnka álagið á skammtímaminnið. Þegar meginhugmyndin er sýnd sjónrænt getur nemandinn einbeitt sér að því að þróa sjálft tungumálið. Myndrænir skipuleggjarar tengja tungumál og innihald og mynda oft brú til þekkingar sem nemendurnir búa yfir á móðurmáli sínu.



Notkun myndrænna skipuleggjara til að kenna ný hugtök er skilvirk leið til að virkja nemendur í umræðum og fá þá til að læra kjarnaorðaforða í mikilvægu samhengi. Myndrænir skipuleggjarar geta stutt við umgerð þekkingarinnar. Skýringarmyndin hér fyrir neðan sýnir hvernig hver þekkingarsamsetning fellur vel að tilteknum tegundum myndrænna skipuleggjara. Myndrænir skipuleggjarar eru notaðir beinlínis til að þróa hugmyndir og undirliggjandi tengsl milli þessara hugmynda. Þeir geta sýnt raunverulega samsetningu hugtaksins.

Hugmyndir og safn myndrænna skipuleggjara fyrir nemendur með annað tungumál er á bls. 169-210 í:
English as a Second Language. Guide to Implementation. Kindergarten to Grade 9. (2007). Edmonton: The Minister of Education. Alberta, Kanada á þessari slóð:
<http://education.alberta.ca/media/507659/eslcto9gi.pdf>

Í Word og Powerpoint 2007 og 2010 er boðið upp á tilbúna myndræna skipuleggjara til að fylla inn í.